



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**115. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 17. mars 2023
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson, Björg Fenger var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, Elís Guðmundsson, Hildur Björnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kjartan Magnússon, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek, Helga Jóhannesdóttir og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Pawel Bartoszek, formaður svæðisskipulagsnefndar, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Bættar almenningssamgöngur til Keflavíkurflugvallar - starfshópur IRN - 2303002

Fyrirliggjandi er bréf formanns svæðisskipulagsnefndar dags. 7. mars 2023 þar sem óskað eftir þátttöku fulltrúa frá svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins í starfshópi ráðuneytisins um bættar og umhverfisvænar almenningssamgöngur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins. Einnig liggur fyrir tölvupóstur frá innviðaráðuneyti sama dags þar sem tekið er undir beiðni og óskað eftir tilnefningu nefndarinnar.

Pawel Bartoszek er tilnefndur sem fulltrúi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og Hjördís Ýr Johnson til vara.

Samþykkt

Karen María Jónsdóttir kom inn á fund.

2. UST Urriðakotshraun -áform um friðlýsingu - 2010006

Fyrirliggjandi er kynning Umhverfisstofnunar dags. 9 febrúar 2023 á tillögu friðlýsingar Urriðakotshrauns í Garðabæ sem fólkvang ásamt korti af svæðinu. Frestur til að skila athugasemdum er til og með 11. maí 2023. Drög að friðlýsingu var tekið fyrir á 98. fundi nefndarinnar dags. 15. janúar 2021 þar sem eftirfarandi var bókað í fundargerð: Svæðisskipulagsnefnd tekur undir umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 4. nóv. 2020 br. 11.nóv. 2021 og hvetur til að samráð verði haft við Vegagerð og skrifstofu SSH við nánari útfærslu friðlýsingar.

Einnig liggur fyrir umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 13. mars 2023.

Umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 13. mars 2023 samþykkt.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, Ingvar Arnarson og Kjartan Magnússon sitja hjá við afgreiðslu þessa liðar.

Fulltrúar Garðabæjar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Garðabæjar benda á að samkvæmt skipulagsáætlunum Garðabæjar kallast umræddur vegur nú Flóttamannavegur en hvorki Ofanbyggðarvegur né Elliðavatnsvegur. Tillaga að breytingu aðalskipulags sem bæjarsjórn Garðabæjar hefur samþykkt að auglýsa samhlíða auglýsingu Umhverfisstofnunar um áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs gerir ráð fyrir að Flóttamannavegur frá Urriðaholti að Vífilstöðum verði skilgreindur sem „tengibraut“ en ekki „aðrir vegir“.

Ofanbyggðarvegur sem aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir mun samkvæmt gildandi aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 tengjast stofnbrautinni Ofanbyggðarvegur í Garðabæ sem liggur frá bæjarmörkum um Setbergshlíð að mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut á móts við Molduhraun. Stefna Garðabæjar um Ofanbyggðarveg sem er sett fram í gildandi aðalskipulagi gerir því ekki ráð fyrir stofnbraut um Flóttamannaveg að Vífilstöðum.

Veghelgunarsvæði stofnbrauta er að jafnaði 60 metra breitt og ef gera þyrfti ráð fyrir stofnbraut í legu Flóttamannavegar þyrfti bæði að skerða golfbrautir og ósnortin hraun sem tillaga að fólkvangi gerir ráð fyrir að friðlýsa. Auk þess liggja friðlýst svæði Vífilstaðahrauns og Maríuhella sitthvoru megin við Flóttamannaveg en fjarlægð þar á milli er styst.

Garðabær vill leggja sitt af mörkum með breytingu aðalskipulags sem gerir ráð fyrir að Flóttamannavegur skilgreinist sem tengibraut og því er fylgt eftir með tillögu að deiliskipulagi Vífilstaðahrauns sem gerir ráð fyrir breyttri legu Flóttamannavegar að Vífilstöðum sem stuðlar að stórbættu öryggi og afkastagetu vegarins.

3. HAF Setbergshverfi -endurskoðun á deiliskipulagi - 2303006

Fyrirliggjandi er tölvupóstur verkefnastjóra umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dags. 9. mars 2023 þar sem tilkynnt er um auglýsingu á lýsingu vegna endurskoðunar á deiliskipulagi Setbergshverfis og skipulagslýsing dags. janúar 2023. Einnig liggur fyrir umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 13. mars 2023

Umsögn samþykkt.

4. Fagráð SSH - fundargerðir - 2204005

Lögð fram fundargerð 24. fundar fagráðs dags. 5. desember 2022

Lögð fram fundargerð 25. fundar fagráðs dags. 14. febrúar 2023

Lagt fram til kynningar

5. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 28. apríl í boði Kópavogs. Heimsóknin er hluti af áherslum nefndarinnar kjörtímabilið 2022-2026.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026